

Lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta

1999 nr. 98 27. desember

Tóku gildi 1. janúar 2000. *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 94/19/EB og 97/9/EB. *Breytt með* [L. 76/2002](#) (tóku gildi 17. maí 2002), [L. 139/2002](#) (tóku gildi 30. des. 2002; *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 97/9/EB), [L. 129/2004](#) (tóku gildi 31. des. 2005) og [L. 108/2006](#) (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), [L. 125/2008](#) (tóku gildi 6. október 2008)

I. kafli. Markmið og skipulag.

■1. gr. *Markmið.*

Markmið með lögum þessum er að veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laga þessara.

■2. gr. *Stofnun.*

Með tryggingar samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, hér eftir nefndur sjóðurinn. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild, sbr. þó ákvæði 12. gr.

■3. gr. *Aðilar að sjóðnum.*

Viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti, sem hafa staðfestu hér á landi, skulu eiga aðild að sjóðnum. [Hið sama gildir um útibú þessara aðila á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum.]¹⁾ Þessi fyrirtæki, hér eftir nefnd aðildarfyrirtæki, bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram lögbundin framlög til sjóðsins, sbr. ákvæði 6. og 7. gr. Fjármálaeftirlitið skal halda sérstaka skrá um aðildarfyrirtæki.

¹⁾[L. 108/2006, 92. gr.](#)

■4. gr. *Stjórn og framkvæmdastjóri.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum til tveggja ára í senn. Viðskiptabankar tilnefna tvo menn í stjórn sjóðsins, sparisjóðir einn mann, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf sameiginlega einn mann og viðskiptaráðherra tvo menn. Viðskiptaráðherra tilnefnir jafnframt fulltrúa innstæðueigenda og fjárfesta sem áheyrnaraðila með málfrelsi og tillögurétt í stjórn sjóðsins og skal hann uppfylla sömu kröfur og stjórnarmenn. Viðskiptaráðherra skipar formann stjórnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Lögaðilinn getur verið Seðlabanki Íslands og vörslufyrirtæki samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum eða

lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Stjórn sjóðsins skal á tveggja ára fresti, eða oftár ef ástæða þykir til, gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni til lágmarkseignar sjóðsins skv. 6. og 7. gr. Nánar skal kveðið á um verkefni stjórnar sjóðsins í samþykktum hans.

■5. gr. Aðalfundur.

Aðalfundur skal halda fyrir lok mars ár hvert. Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu stjórnar. Aðalfundur setur sjóðnum samþykktir. Kveða skal nánar á um verkefni aðalfunda í samþykktum sjóðsins sem háðar skulu samþykki ráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Sérhvert aðildarfyrirtæki á rétt til setu á aðalfundi. Á aðalfundi fara viðskiptabankar samtals með sex atkvæði, sparisjóðir með þrjú atkvæði og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf með þrjú atkvæði. Vægi hvers aðildarfyrirtækis er jafnt innan hvers hóps. Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins þarf fulltingi $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða á aðalfundi og samþykki ráðherra.

Stjórn sjóðsins getur, þegar hún telur tilefni til, boðað öll aðildarfyrirtæki til fundar. Skytt er henni að boða til fundar ef aðildarfyrirtæki með samtals fjórðung atkvæða æskja þess.

II. kafli. Greiðslur í sjóðinn.

■6. gr. Innstæðudeild.

Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Nái heildareign ekki lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó viðmiðunarmörk skv. 1. málsl.

Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hver viðskiptabanki og sparisjóður ábyrgjast að hann muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar þegar henni ber að endurgreiða innstæður skv. III. kafla í einhverjum viðskiptabanka eða sparisjóði sem aðild á að sjóðnum.

Ábyrgðaryfirlýsingin skal hljóða upp á sama hlutfall þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli tryggðra innstæðna hlutaðeigandi af samanlögðum tryggðum innstæðum. Kröfur um innborgun í deildina á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta þó ekki verið hærri á ári hverju en sem nemur einum tíunda af lágmarksstærð sjóðsins. Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skytt að greiða til sjóðsins þegar hann krefst þess og framangreindar aðstæður eru fyrir hendi.

Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til deildarinnar 1. mars ár hvert frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári þar til lágmarki skv. 1. mgr. er náð. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu sem stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. 1. mgr.

Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar. Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skytt að

veita sjóðnum upplýsingar um innstæður samkvæmt þessari grein.

■7. gr. Verðbréfadeild.

Heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 100 millj. kr.

Nái heildareign sjóðsins ekki lágmarki skv. 1. mgr. skulu aðildarfyrirtæki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur samtals 20 millj. kr., þar til sjóðurinn hefur náð tilskilinni lágmarksstærð. Hvert aðildarfyrirtæki skal greiða lágmarksgjald að fjárhæð 50.000 kr. Árleg greiðsla að frádregnu lágmarksgjaldi skiptist í tvo jafna hluta eftir eftirfarandi gjaldstofnum:

1. Hlut aðildarfyrirtækis í samanlagðri fjárhæð verðbréfavíðskipta aðildarfyrirtækja á næstliðnu ári við þá víðskiptavini sem tryggðir eru skv. 9. gr.

2. Hlut aðildarfyrirtækis í samanlögðum fjölda víðskiptareikninga hjá aðildarfyrirtækjum í tengslum við víðskipti með verðbréf. Leggja skal saman fjölda víðskiptareikninga skv. c-lið 1. tölul. og a- og b-lið 2. tölul. 8. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Víðskiptareikningar skv. c-lið 1. tölul. og a-lið 2. tölul. hafa tvöfalt vægi í samtölu. Víðskiptareikningar með hærri inneign en 1,7 millj. kr. miðað við gengi evru (EUR) 5. janúar 1999 hafa einnig tvöfalt vægi í samtölu.

Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skal hvert aðildarfyrirtæki leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hvert aðildarfyrirtæki ábyrgjast að það muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar þegar henni ber að endurgreiða verðbréf eða reiðufé skv. III. kafla í einhverju fyrirtæki sem aðild á að sjóðnum.

Ábyrgðaryfirlýsingin skal hljóða upp á sama hlutfall þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli greiðslna aðildarfyrirtækis af samanlögðum greiðslum allra aðildarfyrirtækja við fyrstu greiðslu eftir að ljóst er að heildareign deildarinnar nær ekki tilskildu lágmarki. Kröfur um innborgun í deildina á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á ári hverju þó ekki verið hærri en sem nemur einum fimmta af lágmarksstærð sjóðsins.

Aðildarfyrirtækjum er skylt að greiða til sjóðsins þegar hann krefst þess og framangreindar aðstæður eru fyrir hendi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er stjórn sjóðsins heimilt að kaupa váttryggingu hjá víðurkenndu váttryggingafélagi á Evrópska efnahagssvæðinu til að tryggja sig gegn tjóni. Kaupi sjóðurinn váttryggingu skal þó í það minnsta fimmtungur af lágmarksstærð deildarinnar skv. 1. mgr. vera í verðbréfum eða reiðufé.

Nýtt aðildarfyrirtæki sem nýtir sér heimildir laga til að stunda víðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti skal greiða sérstaklega til deildarinnar 1. mars ár hvert í fimm ár frá því að það hefur starfsemi hér á landi. Greiðslan skal nema því hlutfalli af 20 millj. kr. sem nemur hlutfalli þess í gjaldstofnum skv. 2. mgr. Greiðslan skal innt af hendi í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi fyrirtæki fram ábyrgðaryfirlýsingu sem jafngildir fjórfaldri greiðslu fyrsta ársins.

Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar. Aðildarfyrirtækjum er skylt að veita sjóðnum upplýsingar samkvæmt þessari grein.

■8. gr. Afturköllun leyfis.

Nú uppfyllir aðildarfyrirtæki ekki skyldur sínar gagnvart sjóðnum samkvæmt lögum þessum og reglugerð og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra og Fjármálaeftirlitinu án tafar.

Ráðherra veitir hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki þá allt að þriggja mánaða frest til úrbóta að fengnu álití Fjármálaeftirlitsins. Hafi aðildarfyrirtækið ekki uppfyllt skyldur sínar að þeim

fresti liðnum getur stjórn sjóðsins, að fengnu álit Fjármálaeftirlitsins, lagt dagsektir á fyrirtækið. Greiðast þær þangað til aðildarfyrirtækið hefur uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum. Sektirnar geta numið 50–500 þús. kr. á dag.

Hafi aðildarfyrirtæki ekki uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum innan eins mánaðar frá álagningu dagsekta getur ráðherra tilkynnt því að hann hyggist afturkalla starfsleyfi þess hafi fyrirtækið ekki uppfyllt skyldur sínar að tólf mánuðum liðnum.

Nú rennur frestur skv. 2. mgr. út án þess að hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og getur þá ráðherra afturkallað starfsleyfi þess að fengnu álit Fjármálaeftirlitsins. [Skuldbindingar sem stofnað er til áður en leyfi er afturkallað skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.]¹⁾

[Nú rennur frestur skv. 1. og 2. mgr. út þegar um er að ræða útibú aðildarfyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og getur stjórn sjóðsins þá tilkynnt útibúinu að hún hyggist útiloka það frá sjóðnum hafi það ekki uppfyllt skyldur sínar að tólf mánuðum liðnum.]²⁾ Ef frestur skv. 1. másl. rennur út án þess að útibúið hafi uppfyllt skyldur sínar getur sjóðurinn útilokað það frá aðild að sjóðnum að fengnu álit Fjármálaeftirlitsins. [Skuldbindingar sem stofnað er til áður en útibú er útilokað frá aðild að sjóðnum skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.]¹⁾

Ákvæði 1.–3. mgr. eiga einnig við um útibú aðildarfyrirtækja með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

¹⁾[L. 139/2002, 1. gr.](#) ²⁾[L. 108/2006, 93. gr.](#)

III. kafli. Greiðslur úr sjóðnum.

■9. gr. Greiðslur úr sjóðnum.

Nú er aðildarfyrirtæki að álit Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafist aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda. Er þá sjóðnum skylt að greiða viðskiptavini aðildarfyrirtækis andvirði innstæðu úr innstæðudeild og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild. Greiðsluskylda sjóðsins verður einnig virk ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta í samræmi við lög um viðskiptabanka og sparisjóði og lög um verðbréfavíðskipti. Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis innstæðu úr innstæðudeild að inna greiðsluna af hendi í samræmi við skilmála er gilda um innstæðu eða verðbréf, t.d. hvað varðar binditíma, uppsögn og þess háttar. Ávallt skal heimilt að endurgreiða andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum, óháð því hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Sjóðnum er heimilt að nýta sér kröfur viðkomandi fjármálafyrirtækis á hendur viðskiptamanni til skuldajafnaðar gegn kröfu viðskiptamanns á greiðslu andvirðis innstæðu.

Álit Fjármálaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að það fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki hafi ekki greitt viðskiptavini sínum eða staðið skil á verðbréfum eins og því bar að gera.

Með innstæðu skv. 1. mgr. er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða

sparisjóði í formi verðbréfa.

Með verðbréfum skv. 1. mgr. er átt við verðbréf sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækis og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum.

Með reiðufé skv. 1. mgr. er átt við innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis í tengslum við viðskipti með verðbréf.

Undanskilin tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning og innstæður, verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningabætti. Þó skulu innstæður sem aðildarfyrirtæki eða móður- og dótturfyrirtæki þeirra hafa í vörslu sinni fyrir hönd viðskiptavina ekki undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. Þá skulu innstæður verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða, fagfjárfestasjóða, lífeyrissjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu ekki undanskildar tryggingu skv. 1. mgr., jafnvel þótt vörsluaðili eða rekstrarfélag slíkra sjóða sé aðildarfyrirtæki eða móður- eða dótturfyrirtæki aðildarfyrirtækja.

Nánar skal kveða á um tilhögun greiðslna úr sjóðnum í reglugerð.

■10. gr. Fjárhæð til greiðslu.

Nú hrökkva eignir viðkomandi deildar sjóðsins ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum og skal þá greiðslu úr hvorri deild skipt þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar hrökkva til. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt tjón kröfuhafa hafi ekki verið bætt að fullu.

Hrökkvi eignir sjóðsins ekki til og stjórn hans telur til þess brýna ástæðu er henni heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum.

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu kröfuhafa á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi. Krafa sjóðsins nýtur rétt hæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti, en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

■11. gr. Lán á milli deilda.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána allt að 50 millj. kr. á milli innstæðudeildar og verðbréfadeildar. Lánið skal endurgreiðast innan 36 mánaða. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um lán á milli deilda í reglugerð.

■12. gr. Víkjandi lán.

Sjóðnum er heimilt að veita aðildarfyrirtæki víkjandi lán í sérstakri deild fyrir slík lán, í því skyni að efla eiginfjárstöðu þess, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir lánveitingu, svo sem að lántaki afli aukins eiginfjár eða geri aðrar ráðstafanir til að styrkja rekstur sinn.

Stjórn sjóðsins er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag aðildarfyrirtækja sem veitt er víkjandi lán. Stjórn sjóðsins getur í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki.

IV. kafli. Erlend útibú.

■13. gr. [Útibúum erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, er heimil aðild að sjóðnum vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem ekki er tryggt á sambærilegan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.]¹⁾

Erlend útibú skv. 1. mgr. sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og starfa hér á landi skulu vera aðilar að sjóðnum, enda sé slíkt útibú ekki aðili að sambærilegu tryggingakerfi í heimaríki sínu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um aðild erlendra útibúa samkvæmt þessari grein að sjóðnum, svo og um þær viðbótartryggingar sem útibú þurfa til þess að geta starfað hér á landi. Um iðgjöld og greiðslur vegna trygginga samkvæmt þessari grein skal nánar kveðið á í reglugerð.

¹⁾[L. 108/2006, 94. gr.](#)

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■14. gr. *Ársreikningur og endurskoðun.*

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Löggiltur endurskoðandi sjóðsins skal kosinn á aðalfundi. Endurskoðaður ársreikningur skal samþykktur og áritaður af stjórn hans og staðfestur af ráðherra.

■15. gr. *Eftirlit.*

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög þessi, reglugerð og samþykktir fyrir sjóðinn. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

■16. gr. *Skriflegar upplýsingar til reiðu.*

Aðildarfyrirtæki skulu á afgreiðslustöðum sínum hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um aðild sína að sjóðnum, umfang tryggingar, hvaða eignir eru ekki tryggðar og hvert kröfuhafi geti snúið sér neiti aðildarfyrirtæki kröfuhafa um greiðslu. Skulu upplýsingar vera á íslensku og ávallt til reiðu þannig að auðvelt sé að nálgast þær.

Auglýsingar aðildarfyrirtækja um aðild að sjóðnum skulu takmarkaðar við beina tilvísun til hlutaðeigandi deildar hans.

■17. gr. *Undanþága frá skatti og gjaldþrotalögum.*

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti ...¹⁾ samkvæmt lögum um tekjuskatt ...¹⁾

Sjóðurinn verður hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

¹⁾[L. 129/2004, 134. gr.](#)

■18. gr. *Reglugerð.*

Ráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, m.a. um tilhögun á greiðslum úr sjóðnum, tryggingu á innstæðu, verðbréfum eða reiðufé þegar um sameiginlegan reikning er að ræða eða þegar viðskiptavinur aðildarfyrirtækis á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu, verðbréfa og reiðufjár og um ávöxtun á eignum sjóðsins.

¹⁾[Rg. 120/2000, sbr. 864/2002.](#)

VI. kafli. Öryggissjóðir.

■**19. gr.** Viðskiptabönkum annars vegar og sparisjóðum hins vegar, með staðfestu hér á landi, er heimilt að stofna sjálfseignarstofnanir, öryggissjóði, sem allir viðskiptabankar eða allir sparisjóðir skulu vera aðilar að í því skyni að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka eða sparisjóða.

Til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og í því skyni fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka eða sparisjóðs getur öryggissjóður veitt lán eða yfirtekið vissar eignir, gengið í ábyrgðir, bætt sérstakt tap og kostnað sem viðskiptabanki eða sparisjóður verður fyrir og veitt viðskiptabönkum eða sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórnir sjóðanna ákveða í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktu sjóðsins. Í þessu skyni er öryggissjóði heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs. Í samþykktum skal setja nánari reglur um starfsemina, svo og um tekjur og lánveitingar.

Öryggissjóði er enn fremur heimilt að veita viðskiptabanka eða sparisjóði víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir veitingu víkjandi láns. Henni er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Getur stjórnin í því sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum öryggissjóðs. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut sinn í heildareignum viðskiptabanka eða sparisjóða. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans á milli aðal- og aukafunda. Hún skal skipuð fimm mönnum og skulu fjórir stjórnarmenn og jafnmargir til vara kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Ráðherra tilnefnir einn manng og skal hann tilnefndur til þriggja ára í senn. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnar í samþykktum.

Stjórnarmenn og starfsmenn öryggissjóða eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Öryggissjóður er undanþeginn tekjuskatti ...¹⁾ samkvæmt lögum um tekjuskatt ...¹⁾ Sjóðurinn verður hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

Aðalfundur setur öryggissjóði samþykktir²⁾ sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi öryggissjóða. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

¹⁾ [L. 129/2004, 135. gr.](#) ²⁾ Augl. 16/2002, augl. 204/2005.

VII. kafli. Gildistaka o.fl.

■**20. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Sjóðurinn yfirtekur þá eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka og innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða verða hvor tveggja lögð niður frá sama tíma.

Halda skal stofnfund fyrir 31. desember 1999 þar sem settar eru samþykktir fyrir sjóðinn, sbr. 5. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur þegar gildi.

...

■**21. gr.** Lög þessi eru sett í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/1994 og nr. 12/1998 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins nr. 19 frá 1994 um innstæðutryggingar og nr. 9 frá 1997 um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.